

Endurupptekið mál**Mál nr. 534/2012****M****og****Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar sjómanna****Sjómaður hlaut slynk á öxl þ.23.1.2011. Fyrning sbr. 2.mgr.124.gr. l. nr. 30/2004.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.14.1.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Bréf V dags. 21.12.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6.

Málsatvik.

M segir málsatvik vera þau að við vinnu sína um borð í skuttogara þ. 23.1.2011, hafi hann slasast á öxl þar sem hann var að eiga við fiskikar og hafi hann tilkynnt skipstjóra um þetta þ. 10.2.2011. M leitaði til læknis þ. 23.3.2011 vegna þessa atviks og í vottorði sem lagt er fram frá Úlfari Gunnarssyni dags. 14.10.2011 segir að M hafi verið verkjaður allt frá slysdegi í janúar. M krefst bóta úr slysatryggingu sjómanna. V hafnar bótaskyldu og telur að meiðsli M verði ekki rakin til utanaðkomandi atburðar og uppfylli ekki skilyrði til þess að teljast slys. Þá vísar V til mismunandi lýsinga M á tjónsatvikinu og vísar til þess að fyrsta lýsingin falli ekki undir það að teljast vera utanaðkomandi atvik. Þá bendir V á að málskostfrestur 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn þegar málskotið barst Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum þar sem tilkynning V um höfnun kröfunnar hafi borist lögmanni M þ.11.nóvember 2011 og hafi því fresturinn runnið út þ. 12.nóvember 2012 sbr. 2.mgr. 124.gr. sbr. 3.mgr. 142.gr. laga um vátryggingasamninga.

Álit.

Lögmanni M var tilkynnt með bréfi M þ. 11.11.2011 að kröfu M væri hafnað og jafnframt var bent á að unnt væri að skjóta afstöðu félagsins til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum eða dómstóla en verði það ekki gert innan árs frá tilkynningunni þá falli niður réttur til þess að hafa uppi frekari kröfur af þessu tilefni sbr. 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Samkvæmt því sbr. 2.mgr.124.gr. laga um vátryggingasamninga rann þá ársfresturinn út þ. 12.nóvember 2012. Máskot M barst Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum þ. 14.11.2012 og málskotsgjald var greitt þann sama dag. Upplýst er hins vegar að lögmaður M sendi málið til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum þ. 8.nóvember 2012 og bað um upplýsingar um hvernig ætti að greiða málskotsgjaldið. Því bréfi var ekki svarað fyrr en nokkru síðar og barst greiðsla málskotsins sama dag. Miðað við þessar upplýsingar þá liggur fyrir að málið barst Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan ársfrestsins skv. 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga og er því málið tekið til efnismeðferðar.

Að virtum öllum gögnum málsins hefur M ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir bótaskyldu slysi þegar hann var við vinnu sína þ. 23.1.2011 um borð í skuttogaranum. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 22.1.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.